

Árangur og skilvirkni í þróunarsamvinnu

Eftir Gunnar Braga Sveinsson

Í lok síðasta árs fól ég Þóri Guðmundssyni að greina skipulag og fyrirkomulag þróunarsamvinnu, friðargæslu og neyðar- og mannúðar- aðstoðar Íslands með það í huga að gera tillögur um umbætur, væri þess þörf að hans mati. Meginmarkmið þessarar vinnu er að meta hvernig fjármagn til málaflokksins geti skilað hámarksárangri fyrir þá sem við viljum rétta hjálparhönd – fátækustu íbúa heimsins og fólk sem býr við neyð, svo sem vegna átaka eða hamfara.

Það er einlæg skoðun mín að mikilvægt sé fyrir stjórnvöld að skoða með reglubundnum hætti hvernig hægt er að auka enn frekar árangur af þróunarstarfi okkar. Með öðrum orðum – tryggja að skattfé Íslendinga sé eins vel varið og kostur er. Samskonar greiningar og tillögur eru reglulega unnar í þeim löndum sem við berum okkur saman við og eru til marks um góða stjórnarsýslu.

Ákvörðun mína um að láta vinna verkið má rekja til aðildar Íslands að þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Áður en af aðildinni varð, vorið 2013, kom til landsins hópur sérfræðinga sem skoðaði sérstaklega þróunarsamvinnu Íslendinga. Lagði hópurinn meðal annars til að íslensk stjórnvöld mætu skipulag og fyrirkomulag starfsins út frá því hvernig hámarks árangur og skilvirkni væru tryggð, með tilliti til smæðar landsins.

Ég fékk Þóri til þess að vinna verkið, þar sem hann hefur áralanga reynslu af alþjóðasamstarfi og störfum í þróunarlöndum. Þórir hefur lagt gríðarmikla vinnu í til-



Gunnar Bragi Sveinsson

lögur sínar en nefna má að hann ræddi við hátt í 200 manns héraendis og erlendis við vinnslu skýrslunnar. Þórir afhenti mér skýrslu sína í gær sem ber heitið

„Þróunarsamvinna Íslands: Skipulag, skilvirkni og árangur. Meðal tillagna skýrslunnar er að skipulag þróunarsamvinnu

» Það er skoðun mín að mikilvægt sé fyrir stjórnvöld að skoða með reglubundnum hætti hvernig hægt er að auka enn frekar árangur af þróunarstarfi okkar.

verði á einum stað, í utanríkisráðuneytinu, og að Ísland skerpi áherslur og fækki samstarfslöndum í því skyni að auka skilvirkni og áhrifamátt framlaga sinna. Þá er lagt til að stofnuð verði þingmannanefnd um þróunarsamvinnu, samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu verði styrkt og eftirlit með verkefnum eftt með því að taka upp árangursstjórnun í öllum þáttum þróunarsamvinnu Íslands.

Skýrslan sýnir jafnframt fram á að Ísland hefur á undanföllum árum og áratugum unnið mjög gott og árangursríkt starf í þróunarmálum.

Skýrsla Þóris er öllum aðgengileg á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. Ég hvet áhugafólk um þróunarsamvinnu og alla þá sem starfa á þessu sviði til að kynna sér skýrsluna. Það mun ég sjálfur gera á komandi vikum og í kjölfarið taka ákvörðun um næstu skref.

Höfundur er utanríkisráðherra.

